

Skólaráðsfundur 28. apríl 2023

Mættir: fulltrúi foreldra Anna Rósa Halldórsdóttir, (Rósa María mætti ekki) Vala og Þuríður fulltrúar kennarar, Inga Vala fulltrúi annars starfsfólks, Margrét deildarstjóri og Bryndís skólastjóri

Innritun nemenda og úthlutun kennslustunda

Bryndís skólastjóri gerði grein fyrir úthlutun kennslustunda næsta vetur. Nokkur fækkun er á nemendum skólans en stór árgangur útskrifast í vor og færri nemendur sem kom í 1. Bekk. Það sem veldur áhyggjum við úthlutun kennslustunda til skólans er hversu lítið er tekið tillit til ÍSAT nemenda og nemenda sem hafa stöðuna flóttabörn. Að mati skólans skiptir máli að hægt sé að mæta þessum nemendum við hæfi þannig að þeir eigi sér framtíð í íslensku menntakerfi. Ákveðið var að boða fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins til að taka þátt í áskorun sem ætlunin er að senda til bæjaryfirvalda og fræðslustjóra. Þar sem við munum lýsa yfir áhyggjum af litlu fjármagni sem veitt er í þetta málefni.

Ný menntastefna – innra mat - hlutverk gæðaráðs

Nú í vetur hafa stjórnendur lagt áherslu á innleiðingu nýrrar menntastefnu – en í tengslum við þá vinnu hefur verið lögð áhersla að kanna stöðu kennsluhátta innan skólans. Þetta tengist innra mati skólans og verða niðurstöður notaðar til að gera umbótaáætlun sem leggur grunnin að starfsáætlun næsta vetrar. Bryndís gerði fundarmönnum grein fyrir þessari vinnu og hvernig hefur verið staðið að henni. Einnig gerði hún lauslega grein fyrir niðurstöðum úr skólþúlsinum. En á síðasta fundi í vor er ætlunin að kynna þessar niðurstöður frekar ásamt umbótaáætlun.

Árshátíð skólans

Rætt var um árshátíð skólans og hvernig tekist hefur til. Fundarmenn voru sammála að halda einn tvöfaldan árshátíðardag en fækka uppákomum eins og generalprufudögum til að draga úr álagi á nemendur og kennara.

Fundarritari

Bryndís Björnsdóttir